

Ed.

317. Nefndarálit

[24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1987 var lagt fram í októbermánuði s.l. Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og henni borist margháttuð gögn og erindi.

Í frumvarpinu er heildarfjáröflun til opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnu-fyrirtækja áætluð 15 744 m.kr. Þar af er ráðgert að afla 7464 m.kr. innanlands og 8280 m.kr. erlendis. Þá er í frumvarpinu talið að sem næst jöfnuður verði á viðskiptum við útlönd á árinu 1987.

Í meðförum nefndarinnar eru á þessu stigi boðaðar örfáar breytingar. Ljóst er að nýgerðir kjarasamningar koma til með að hafa nokkur áhrif á frumvarp þetta sem og frumvarp til fjárlaga. Hins vegar hafa þau áhrif ekki verið metin nægilega á þessari stundu, en munu liggja fyrir fljótlega.

Í frumvarpinu var lántökuheimildum sveitarfélaga að fjárhæð 350 m.kr. ekki skipt á einstakar hitaveitur vegna ónógra upplýsinga frá fyrirtækjunum. Nýverið var skipaður vinnuhópur af fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra til að fjalla um fjárhag þeirra veitna sem eiga við hvað mesta fjárhagsörðugleika að etja. Þar er einkum um að ræða Hitaveitu Akureyrar, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Fjarhitun Væstmannaeyja. Þess er vænst að hópurinn kynni niðurstöður sínar á næstu dögum og komi með tillögur um lausn á fjárhagsvanda þessara veitna.

Meiri hl. gerir tillögur um veitingu ríkisábyrgða fyrir lántökum eftirtalinnna hitaveitna á árinu 1987:

1. Hitaveita Hveragerðis, 45 m.kr.
2. Hitaveita Siglufjarðar, 12 m.kr.
3. Hitaveita Eyra, 3 m.kr.
4. Hitaveita Egilsstaða og Fella, 9 m.kr.

Þá er gert ráð fyrir að veita Hitaveitu Rangæinga ríkisábyrgð fyrir langtímaláni að fjárhæð allt að 100 m.kr. hjá Lánsjóði sveitarfélaga til að skuldbreyta lánnum hjá sjóðnum.

Meiri hl. leggur til að inn komi ný grein sem heimilar Útflutningslánasjóði 40 m.kr. lántöku á árinu 1987 og er þar í raun um að ræða lántökuheimild frá þessu ári sem sjóðurinn hefur ekki þurft að nýta en telur sig þurfa á næsta ári.

Í lánsfjárlögum undanfarin ár hefur fjármálaráðherra verið veitt heimild til að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð vegna sölu svonefndra raðsmíðaskipa. Skipasmíðin hefur farið fram á árunum 1982–1986 og er ekki lokið. Viðskiptabankarnir hafa fjármagnað smíðina með erlendum skammtímalántökum. Lokið er smíði skips á Seyðisfirði og var það selt til Grindavíkur. Ríkisábyrgðasjóður yfirtók fjármagnskostnað að fjárhæð 15 m.kr. í tengslum við sölu skipsins. Tvö skip eru í smíðum hjá Slippstöðinni á Akureyri, eitt í Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts og eitt hjá Stálvík í Garðabæ. Sala umræddra skipa er nú ákveðin og við það miðað að ríkissjóður ábyrgist allt að 80% af kaupverði skipanna með sama hætti og gert er hjá Fiskveiðisjóði Íslands. Þá er miðað við að Byggðastofnun láni allt að 5% og að 15% komi frá kaupendum. Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að veitt verði allt að 600 m.kr. ríkisábyrgð vegna sölu skipanna.

Á þessu ári yfirtók Ríkisábyrgðasjóður togarann Merkúr (áður Bjarni Benediktsson) og seldi síðan til Ólafsfjarðar. Nú er verið að breyta skipinu í frystitogara í Noregi. Skipið var selt þannig að veitt er ríkisábyrgð fyrir um 80% af söluverði og er leitað eftir allt að 160 m.kr. ríkisábyrgð í því skyni. Kaupendur fjármagna sjálfir 20% kaupverðs.

Stálfík í Garðabæ hefur óskað eftir ríkisábyrgð á láni að fjárhæð allt að 20 m.kr. til endurskipulagningar á starfsemi fyrirtækisins en hún er talin kosta alls um 35 m.kr. Ráðgert er að veita fyrirtækinu allt að 20 m.kr. ríkisábyrgð til að afla nauðsynlegs lánsfjár í þessu skyni.

Þá eru, að ósk Seðlabanka, teknar inn tvær tillögur sem hafa í raun ekki efnislegar breytingar í för með sér fyrir afgreiðslu frumvarpsins heldur eru þær taldar mikilvægar fyrir þá aðila sem standa að tæknilegri framkvæmd skuldbreytinga erlendis.

Í fyrsta lagi er ný málsgrein í 29. gr. sem varðar heimildir til þess að nýta þann sveigjanleika sem veltilána- og skammtímalánasamningar (Euro Commercial Paper) bjóða upp á, þ.e. að haga notkuninni í samræmi við markaðsaðstæður hverju sinni og þarfir tengdar lánsfjáráætlun og framkvæmd annarra lánsamninga.

Í öðru lagi er ný grein sem felur í sér heimild til að nýta þá möguleika sem erlendir fjármagnsmarkaðir bjóða upp á og byggjast á samningum um skuldir og vaxtakjör. Viðskipti af þessu tagi hafa mjög færst í vöxt á allra síðustu árum enda getur það í mörgum tilfellum reynst heppilegt fyrir skuldara að breyta samsetningu skulda sinna bæði hvað snertir gjaldmiðla og vaxtakjör.

Nefndin hyggst athuga frumvarpið frekar milli 2. og 3. umr. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.